

Akureyrarbær
b/t Margrét M. Róbertsdóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 28. ágúst 2019
UST201908-128/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting - Aðalskipulag Akureyrar 2018 -2030 - Glerárskóli

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Akureyrarbæjar er barst 16. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 vegna lóðar Glerárskóla á Akureyri.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felur í sér að reitur S27 þar sem lóð Glerárskóla er stækkar til vestur, á svæði sem er skilgreint í dag sem óbyggt svæði, vegna byggingar nýs leikskóla.

Umhverfi

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að klöppum á svæðinu verði ekki raskað og rask á útivistar- leik- og grænum svæðum verði sem allra minnst.


Umhverfisstofnun bendir í því samhengi á 6. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem fjallað er um almenna aðgæsluskyldu, en þar segir: „Öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna yfstrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.“

Umhverfisstofnun bendir einnig á að mikilvægt þess, almennt séð, að við uppbyggingu byggðar (við þéttingu byggðar) sé útivistar- og leiksvæðum og grænum svæðum hlíft eins og kostur er innan þéttbýlis. Í greinargerð aðalskipulagi Akureyrar 2018 – 2030 segir m.a.: Við þéttingu byggðar skal gætt að ekki verði gengið á nauðsynleg eða ómetanleg útivistarsvæði og ósnortna náttúru. (bls.23)

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur